

Svar

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Álfheiðar Ingadóttur um raforkukaupendur.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu margir raforkukaupendur, fyrirtæki og einstaklingar, hafa skipt um raforkusala síðan raforkusala til fyrirtækja var gefin frjálts 1. janúar 2005 og til einstaklinga 1. janúar 2006, og hversu stór hundraðshluti er það af raforkukaupendum í heild?

Við undirbúning svarsins aflaði ráðuneytið upplýsinga frá Netorku. Netorka er hlutafélag í eigu fyrirtækja á raforkumarkaði og gegnir því hlutverki að vera sameiginlegt mæligagna- og uppgjörsfyrirtæki fyrir íslenskan raforkumarkað í markaðsvæddu umhverfi.

Til skýringar skal tekið fram að sama fyrirtæki eða einstaklingur getur fengið orku afhenta á fleiri en einum notkunarstað. Þegar einstaklingur eða fyrirtæki sækja um skipti á raforkusala þarf að sækja sérstaklega um skiptin fyrir hvern notkunarstað. Fjöldi skráðra söluaðilaskipta notkunarstaða verður því ávallt meiri en fjöldi lögaðila sem skiptir.

Fjöldi raforkukaupenda, fyrirtæki og einstaklingar, sem gerðu nýja samninga, þ.e. söluaðilaskipti, 2005–2006.

Ár	Lögaðilar samtals	Fyrirtæki	Einstaklingar
2005	10	10	0
2006	234	54	180

Fjöldi samninga, þ.e. söluaðilaskipta, sem gerðir voru 2005–2006.*

Ár	Samningar samtals	Hjá fyrirtækjum	Við einstaklinga
2005	16	16	0
2006	893	674	219

*Vakin er athygli á að hver raforkukaupandi getur gert fleiri en einn samning, t.d. vegna margra notkunarstaða:

Heildarfjöldi raforkukaupenda á markaði árið 2006.

	Lögaðilar samtals	Fyrirtæki	Einstaklingar
Heildarfjöldi	124.556	16.074	108.469
Söluaðilaskipti	234	54	180
Hlutfall	0,19%	0,33%	0,17%

Heildarfjöldi notkunarstaða á markaði árið 2006.

	Notkunarstaðir	Fyrirtæki	Einstaklingar
Heildarfjöldi	174.117	38.227	135.877
Söluaðilaskipti	893	674	219
Hlutfall	0,51%	1,76%	0,16%